

Greinargerð kjörnefndar Rauða krossins á Íslandi til aðalfundar 9. maí 2026.

I. Um störf kjörnefndar.

Skipan kjörnefndar var eftirfarandi sbr. fundargerð aðalfundar Rauða krossins á Íslandi sem haldinn var 4. maí 2024:

Guðný H. Björnsdóttir, Rauða krossinum á höfuðborgarsvæðinu

Guðrún Vala Elísdóttir, Rauða krossinum á Vesturlandi.

Hrund Snorradóttir, Rauða krossinum á höfuðborgarsvæðinu

Kristján Sturluson, Rauða krossinum á höfuðborgarsvæðinu

Varamenn:

Brynjar Þór Vigfússon, Rauða krossinum í Þingeyjarsýslu

Guðrún Erla Sumarrós Víðisdóttir, Rauða krossinum á Hornafirði

Hrund, sem var formaður kjörnefndar, sagði sig frá störfum í nefndinni og var Kristján settur formaður skv. ákvörðun stjórnarfundar Rauða krossins á Íslandi 12. febrúar. Brynjar tók sæti sem aðalmaður.

Af ýmsum ástæðum tók kjörnefndin ekki til starfa fyrr en 17. febrúar. Landsskrifstofa setti þann 6. febrúar tilkynningu á heimasíðu Rauða krossins þar sem auglýst var eftir framboðum til stjórnar og var framboðsfrestur tilkynntur til miðnættis 9. mars. Kjörnefnd sendi síðan erindi til deilda þann 18. febrúar þar sem tilkynnt var um að nefndin hefði hafið störf og óskað var eftir framboðum og tilnefningum.

Haft var samband við þá stjórnarmenn sem áttu að ganga úr stjórn en höfðu ekki setið í heimilaðan hámarkstíma. Auk þess bárust kjörnefnd erindi frá fjórum einstaklingum sem lýstu áhuga á stjórnarsetu. Ennfremur hafði kjörnefnd samband við einstaklinga innan félagsins til að móta tillögu sem væri í samræmi við verklagsreglur kjörnefndar sem samþykktar voru á aðalfundi Rauða krossins 2022.

Kjörnefnd telur að vel hafi tekist til við að finna hæfa stjórnarmenn. Nefndin telur mikilvægt að stöðugleiki sé innan stjórnar og þess vegna var leitað eftir því við starfandi formann og starfandi varaformann að þau gæfu áfram kost á sér til að sinna þessum verkefnum áfram. Einnig leitaði kjörnefnd eftir einstaklingum sem hafa reynslu af störfum innan félagsins og því til viðbótar var horft til þess að fá inn reynslu varðandi fjármál og rekstur.

Gangi tillaga kjörnefndar eftir munu sex konur og fimm karlar skipa stjórn félagsins. Þá verða varamenn karl og kona. Þetta er í samræmi við breytingu á 14. tölulið 7. greinar lögum félagsins sem gerð var á aðalfundi 2024. Við lagabreytinguna bættist eftirfarandi við áðurnefnda grein: „Hlutfall eins kyns skal ekki vera hærra en 60% og varamenn skulu ekki vera af sama kyni.“

Kjörnefnd hélt fimm fundi sem allir voru fjarfundir (17. febrúar, 11. mars, 18. mars, 21. mars og 28. mars) og var gengið frá meðfylgjandi tillögu og hún samþykkt á fundi nefndarinnar 28. mars.

II. Tillaga kjörnefndar að nýrri stjórn Rauða krossins á Íslandi sem kjörin verður á aðalfundi 9. maí 2026

Fjórir núverandi stjórnarmenn Rauða krossins voru kosnir á aðalfundi 2024 og eru því ekki í kjöri á aðalfundi 2026 en þau eru:

Arnbjörg Sveinsdóttir, Rauða krossinum í Múlasýslu
Ingibjörg Ásta Bjarnadóttir, Rauða krossinum á höfuðborgarsvæðinu
Magnea Gná Jóhannsdóttir, Rauða krossinum á höfuðborgarsvæðinu
Óttarr Proppé, Rauða krossinum á höfuðborgarsvæðinu.

Í samræmi við 7. og 8. grein laga Rauða krossins þarf að kjósa stjórnarmenn sem hér segir:

- a) formann til fjögurra ára
- b) varaformann til tveggja ára þar sem núverandi varaformaður, sem kosinn var til fjögurra ára á aðalfundi 2024, gefur kost á sér sem formaður
- c) einn stjórnarmann til tveggja ára þar sem núverandi stjórnarmaður, sem kosinn var til fjögurra ára á aðalfundi 2024, gefur kost á sér sem varaformaður
- d) fjóra stjórnarmenn til fjögurra ára
- d) tvo varamenn til tveggja ára (kjósa skal sérstaklega fyrsta og annan varamann)

Tillaga um formann, kjörinn til fjögurra ára:

Sigríður Stefánsdóttir, Rauða krossinum í Eyjafirði

Tillaga um varaformann, kjörinn til tveggja ára:

Jón Ásgeirsson, Rauða krossinum á höfuðborgarsvæðinu

Tillaga um einn aðalmann, kjörinn til tveggja ára:

Valgerður Bláklukka Fjölisdóttir, Rauða krossinum á höfuðborgarsvæðinu

Tillaga um fjóra aðalmenn, kjörna til fjögurra ára:

Auðbjörg Brynja Bjarnadóttir, Rauða krossinum á Klaustri
(Guðjón) Herbert Eyjólfsson, Rauða krossinum á Suðurnesjum
Ómar Valdimarsson, Rauða krossinum á höfuðborgarsvæðinu
Sigurður Ólafsson, Rauða krossinum í Dala- og Reykhólahreppi

Tillaga um tvo varamenn:

Fyrsti varamaður, Salvör Ísberg, Rauða krossinum á höfuðborgarsvæðinu
Annar varamaður, Árni Jóhannsson, Rauða krossinum í Vík

III. Stutt kynning á þeim einstaklingum sem kjörnefnd gerir tillögu um sem frambjóðendur til stjórnar Rauða krossins.



Sigríður Stefánsdóttir, tilnefnd sem formaður, er búsett á Akureyri. Hún er með BA-próf í almennum þjóðfélagsfræðum frá HÍ og framhaldsnám í Þýskalandi í stjórn málafræði. Hún hefur einnig lokið kennsluréttindanámi. Sigríður kenndi félagsfræði og stjórn málafræði við MA auk þess að sinna stjórnunarstörfum hjá Akureyrarbæ á árunum 1998 til 2017 og bar m.a. ábyrgð á alþjóðlegu starfi fyrir hönd bæjarins. Hún var bæjarfulltrúi og bæjarráðsmaður 1984 til 1998, forseti bæjarstjórnar í tvö ár. Hefur hún setið í hinum ýmsu nefndum, ráðum og stjórnnum og verið virk í félagsstörfum. Sigríður hefur verið sjálfboðaliði í Eyjafjarðardeild frá 2017 og í stjórn deildarinnar frá 2021 til 2025 til 2025 þar sem hún var m.a. fulltrúi deildarstjórnar í stjórn Velferðarsjóðs Eyjafjarðar. Hún var kjörin varaformaður Rauða krossins á aðalfundi 2024 og var formaður nefndar um framtíðarskipulag og starfsemi félagsins, sem starfaði 2023 til 2024. Sigríður hefur verið starfandi formaður síðan í júní 2025 eftir að kjörinn formaður sagði sig frá stjórnarstörfum. Hún er 76 ára.



Jón Ásgeirsson, tilnefndur sem varaformaður, býr í Kópavogi. Hann er með BSc-hon gráðu í efnafræði frá Háskóla Íslands og meistaragráðu í iðnaðarverkfræði frá Háskólanum í Stuttgart. Hann starfar sem skrifstofustjóri skrifstofu orkumála í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu. Hefur hann víðtæka og alþjóðlega stjórnunarreynslu og hefur sótt námskeið og fræðslu í stjórnarsetu, sem og leiðtoga- og þjálfaranám. Hann var formaður Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu frá 2021 til 2024, auk þess að vera sjálfboðaliði í verkefnum tengd flóttafólki og hjá Hjálparsímanum 1717. Hann var kjörinn í stjórn Rauða krossins á aðalfundi 2024 og hefur verið starfandi varaformaður síðan í júní 2025 eftir að kjörinn varaformaður tók við sem formaður. Hann er 58 ára.



Valgerður Bláklukka Fjölinsdóttir, tilnefnd sem aðalmaður í stjórn til tveggja ára, býr í Hafnarfirði. Hún er með BA próf í þjóðfræði frá Háskóla Íslands. Hún hefur verið sjálfboðaliði í Rauða krossinum frá árinu 2009, fyrst í ungmennastarfi í Hafnarfirði og síðar sem stjórnarmaður í deildarstjórn Rauða krossins í Hafnarfirði og Garðabæ og sem stjórnarmaður og formaður URKÍ í 4 ár. Auk stjórnarsetu er Valgerður sjálfboðaliði í félagsverkefnum. Valgerður hefur tekið verið virk í bæjarmálum í Hafnarfirði og setið í ráðum og nefndum í sveitarfélaginu. Auk þess hefur hún tekið virkan þátt í hagsmuna og réttindabaráttu fatlaðs fólks. Valgerður var kjörin í stjórn Rauða krossins til fjögurra ára á aðalfundi 2022. Hún er 30 ára.



Auðbjörg Brynja Bjarnadóttir, tilnefnd sem aðalmaður í stjórn til fjögurra ára, býr á Kirkjubæjarklaustri. Hún er hjúkrunarfræðingur, ljósmóðir og sjúkraflutningamaður EMT-A, hefur lokið diplóma í mannauðsstjórnun og hefur stundað meistaranám í heilbrigðisvísindum með áherslu á stjórnun. Hún hefur starfað sem hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir síðan 2007 og er hjúkrunarstjóri við heilsugæslustöðina á Kirkjubæjarklaustri. Frá 2015, í tæp 10 ár starfaði hún einnig sem ljósmóðir í mæðravernd á Höfn í Hornafirði og hefur tekið að sér afleysingar víðar. Auðbjörg sat í stjórn Rauða krossins á Kirkjubæjarklaustri frá 2010 og var formaður árin 2017-2022. Hún hefur í gegnum árin verið virk í félagsmálum í sinni heimabyggð. Árið 2019 var Auðbjörg sæmd riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir framlag til heilbrigðis- og björgunarstarfa í heimabyggð. Auðbjörg var kjörin í stjórn Rauða krossins til tveggja ára á aðalfundi 2024. Hún er 47 ára.



(Guðjón) Herbert Eyjólfsson, tilnefndur sem aðalmaður í stjórn til fjögurra ára, býr í Reykjanesbæ (Keflavík). Hann er bifvélavirki að mennt og hefur tekið ýmis námskeið, bæði í slökkviliðsfræðum og sjúkraflutningum. Herbert starfaði sem bifvélavirki þar til hann hóf störf hjá Brunavörnum Suðurnesja 1992 og hefur hann verið varðstjóri frá 2008. Hann hefur setið í stjórn Rauða krossins á Suðurnesjum frá 2015 og tók við sem formaður deildarinnar 2020 þegar Grindavíkurdeild og Suðurnesjadeild sameinuðust. Rauði krossinn á Suðurnesjum er önnur stærsta deildin innan Rauða krossins á Íslandi og hefur mikið mætt á henni eftir að eldsumbrot hófust á Reykjanesi 2021. Herbert er 57 ára.



Sigurður Ólafsson, tilnefndur sem aðalmaður í stjórn til fjögurra ára, býr í Búðardal. Hann er rafvirki að mennt og hefur starfað við fagið alla tíð. Sigurður býr yfir langri reynslu af störfum innan Rauða krossins. Hann hefur verið sjálfboðaliði í fjölda verkefna s.s. við fataverkefni, neyðarvarnir og móttöku flóttamanna. Hann hefur langa reynslu af stjórnarstörfum innan félagsins. Var kjörinn í stjórn Akureyrardeildar 1984 og sat þar í ýmsum hlutverkum til 2007, síðustu 12 árin sem formaður. Þegar deildirnar við Eyjafjörð sameinuðust í Rauða krossinn í Eyjafirði árið 2013 varð Sigurður formaður og sinnti hann því verkefni til 2017. Hann flutti síðan frá Akureyri á heimaslóðir sínar í Dölunum og gerðist strax virkur í starfi deildarinnar þar. Hann hefur verið formaður í Rauða krossinum í Dala- og Reykhólahreppi frá 2021. Sigurður er 70 ára.



Ómar Valdimarsson, tilnefndur sem aðalmaður í stjórn til fjögurra ára, upphaflega Bolvíkingur en býr í Kópavogi. Hann lauk námi í rekstrarfræði frá Samvinnuháskólanum á Bifröst og er viðskiptafræðingur MBA frá Háskóla Íslands. Hann er í dag sjálfstætt starfandi sem ráðgjafi. Ómar hefur umfangmikla þekkingu og reynslu á sviði stjórnunar, rekstrar og fjármála. Ómar var forstjóri Samkaupa í 13 ár en alls starfaði hann hjá fyrirtækinu í 26 ár, fyrst sem verslunarstjóri og síðan sem fjármálastjóri, áður en hann tók við sem forstjóri. Þar á undan vann hann ýmis störf fyrir vestan s.s. skrifstöfustörf í rækjuiðnaðinum á Ísafirði. Hann var forstjóri IHS (Innheimtustofnunar sveitarfélaga) frá 2022 til 2024 og stýrði þar flutningi á verkefnum stofnunarinnar til annarra stofnana hjá ríkinu. Hann hefur setið í ýmsum stjórnnum og má sem dæmi nefna Kaupfélag Suðurnesja, Lyfju, Samband Íslenskra samvinnufélaga, Háskólann á Bifröst og Píeta samtökin. Ómar er 60 ára.



Salvör Ísberg, tilnefnd sem fyrsti varamaður í stjórn til tveggja ára, býr í Reykjavík. Hún er verkfræðingur og starfar hjá Íslenskri erfðagreiningu ásamt því að stunda doktorsnám í líf- og læknávisindum við Háskóla Íslands. Salvör hefur síðan 2017 verið sjálfboðaliði í ýmsum verkefnum t.d. neyðarvörnum, aðstoð við heimanám og stuðningi við flóttafólk. Hún vann að undirbúningi að stofnun ungmennaráðs Rauða krossins á Íslandi. Ungmennaráðið var stofnað 2025 og er Salvör varaformaður þess. Hún hefur leikið körfubolta, stundað frjálssar íþróttir og sinnt margvíslegum hlutverkum innan íþróttahreyfingarinnar frá því að vera sjálfboðaliði og leikmaður yfir í að sitja í stjórn og þjálfa. Salvör er 29 ára.



Árni Jóhannsson, tilnefndur sem annar varamaður í stjórn til tveggja ára, býr í Vík í Mýrdal. Hann stundaði nám við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands ásamt því að sitja fjölda námskeiða og hljóta vottanir tengd rekstri tölvukerfa. Hann starfar sem sérfræðingur í hýsingu og rekstri hjá OK. Árni er virkur í félagsstarfi í sinni heimabyggð. Hann varð stjórnarmaður í Rauða krossinum í Vík árið 2017 og hefur verið formaður deildarinnar frá árinu 2019. Á árunum 2020-2021 sat hann í starfshóp um fjáröflun, tekjuskiptingu og rekstur Rauða krossins. Hann situr í undirbúningsnefnd verkefnasjóðs ásamt því að sitja í almannavarnanefnd Rangárvalla- og V. Skaftafellssýslu fyrir hönd Víkurdeildar og í samráðshóp um áfallahjálpi á Suðurlandi. Árni var kjörinn varamaður í stjórn Rauða krossins á Íslandi á aðalfundi 2024. Hann er 47 ára.

Fyrir hönd kjörnefndar,
Kristján Sturluson, settur formaður